

Fimmtudaginn 14. desember 1995.

Nr. 354/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Guðna Þór Sigurjónssyni

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Líkamsárás. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 20. október 1995. Vísar ákærði í yfirlýsingu sinni um áfrýjun til a- og b-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þann veg, að refsing verði milduð og að öllu leyti skilorðsbundin.

Ákærvaldið krefst þyngingar á refsingu ákærða og að hann verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst þeim líkamsmeiðslum, sem Hallur Helgason hlaut af árás ákærða 17. september 1994. Þar eru einnig raktar skýrslur, sem ákærði og vitni gáfu um málsatvik.

Nokkur vitni hafa borið efnislega á sama veg fyrir dómi um háttsemi ákærða gagnvart Halli. Er framburður þeirra studdur vætti þriggja annarra, sem gáfu skýrslu fyrir lögreglu við rannsókn málsins, en komu ekki fyrir dóm. Samkvæmt því þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi slegið Hall í maga og greitt honum þungt hnefahögg í andlit, að því er virðist, þegar Hallur reyndi að stilla til friðar milli eins félaga síns og ákærða.

Ýfingar voru á vettvangi milli ákærða og félaga Halls. Verður hins vegar ekki fallist á þá málsvörn ákærða, að framganga Halls hafi falið í sér áreiti eða ögrun við ákærða. Atlaga hans var tilefnislaus og hrottafengin.

Samkvæmt þessu hefur ákærði gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Telst brot hans varða við 1. mgr.

218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi, sem verður því staðfestur. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Guðni Þór Sigurjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. október 1995.

Ár 1995, þriðjudaginn 3. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 746/1995: Ákærvaldið gegn Guðna Þór Sigurjónssyni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. ágúst sl., á hendur ákærða, Guðna Þór Sigurjónssyni, Grandavegi 45 í Reykjavík, fæddum 14. september 1963, fæðingarnúmer 291.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 17. september 1994 á Lækjartorgi í Reykjavík slegið Hall Helgason hnefahögg í maga og síðan í andlit með þeim afleiðingum, að Hallur hlaut tvísýni og dofa hægra megin í andlitið, brot á andlitsbeinum hægra megin, þ. á m. augnbotni, algerlega upphafið skyn mótsvarandi tauginni nervus infra orbitalis hægra megin, sem sér um tilfinningu hægra megin á nefi, hægra megin í andliti, efri vör og gómi hægra megin, og vefir og vöðvar í augntóft höfðu gengið niður í kjálkaholu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Hrund Hafsteinsdóttir héraðsdómslögmaður gerir þær kröfur í málinu fyrir hönd Halls Helgasonar, kennitala 221164-3699, Vesturvangi 44, Hafnarfirði, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum samtals 912.820 kr. í skaðabætur auk dráttarvaxta samkvæmt 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. júní 1995 til greiðsludags“.

Aðfaranótt laugardagsins 17. september 1994 kl. 5.44 voru lögreglumenn

í Reykjavík sendir að Lækjartorgi vegna handalögmála. Þá er þeir komu á staðinn, sáu þeir ákærða, Guðna Þór Sigurjónsson, og Hall Helgason, Vesturvangi 44 í Hafnarfirði, eiga í einhverjum útistöðum. Var ákærði færður í handjárn og leiddur á brott. Samkvæmt frásögn Halls hafði ákærði verið að rífast við einhverja stúlku og Hallur komið og ætlað að ýta honum frá stúlkunni, en ákærði þá slegið hann, fyrst í maga og svo í andlit.

Lögreglumennirnir ræddu við vitni á vettvangi, en þau voru talsvert ölvuð að þeirra mati. Um var að ræða Unnar Garðarsson, Bjarka Sigþórsson og Baltasar Kormák. Samkvæmt frásögn Unnars höfðu Baltasar Kormákur og ákærði átt í útistöðum nokkru áður og ákærði hlaupið á eftir honum. Í framhaldi af þessu hefði Hallur komið aftan að ákærða og gripið yfir axlir honum, en ákærði fallið fram fyrir sig, en risið snöggt upp aftur með útbreidda arma með þeim afleiðingum, að Hallur hefði fengið högg í andlitið. Ákærði neitaði á lögreglustöðinni að hafa slegið til nokkurs manns og kvaðst eingöngu hafa átt í útistöðum við Baltasar Kormák og engan annan.

Hallur Helgason leitaði á slysadeild Borgarspítalans eftir umrædda atburði og hlaut síðan meðferð á háls-, nef- og eyrnadeild spítalans. Í vottorðum Hannesar Hjartarsonar, læknis á deildinni, dagsettum 2. mars og 24. maí sl., er að finna upplýsingar um áverka Halls og meðferð þeirra. Samkvæmt vottorðinu voru saumaðir skurðir í kringum hæggra auga á slysadeildinni, en við síðara eftirlit kom í ljós, að Hallur var með tvísýni og dofa hæggra megin í andliti. Var þá tekin röntgenmynd af andlitsbeinum, sem sýndi brot á þeim hæggra megin, þ. á m. á augnbotni. Við skoðun 26. september 1994 kom í ljós, að um var að ræða algerlega upphafið skyn hæggra megin á nefi, hæggra megin í andliti, efri vör og gómi hæggra megin. Jafnframt var Hallur með tvísýni og hæggra auga „fixerað“ vegna væntanlegrar klemmu á augnvöðvum í augnbotnsbrotinu. Fengin var í framhaldi af þessu mynd af augntóft, sem sýndi áður nefnt brot og að innihald í augntóft hafði gengið niður í kjálkaholu. Var Hallur lagður inn til aðgerðar 13. október, þar sem komið var inn á mölbrotinn augnbotn. Var hreinsað orbita-innihald upp úr hægri kinnholu og síðan sett silastic-plata til þess að loka fyrir það, sem á vantaði í augnbotninn. Við síðara eftirlit 3. og 10. nóvember og loks 2. desember sl., kom í ljós, að tvísýni hafði gengið talsvert til baka, en Hallur var áfram með tvísýni, þegar hann leit upp á við, og hann er með ör í kringum augað og jafnframt enn með dofa í hægri framtönnum og augntönnum svo og í efri vör. Kemur fram í vottorðinu, að þessi dofi geti orðið langvinnur, en of snemmt sé að meta, hvort komi til frekari aðgerða seinna vegna örmyndunar í kringum augað. Tvísýnið geti orðið til frambúðar.

Ákærði neitaði í yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar næsta dag

að hafa slegið Hall í andlit og maga, en hann hefði lent í rifrildi við Baltasar Kormák, sem hefði verið að gera gys að sér og lítið úr sér, aðallega vegna þess, að Baltasar hafi ályktað af vexti ákærða, að hann væri lyftingamaður. Kvaðst ákærði hafa farið að elta Baltasar, en tvívegis í þessum eltingarleik fallið í götuna, þar sem hann hefði verið á hálum skóm. Í bæði skiptin hefðu einhverjir verið nánast komnir ofan á sig og hann þá bandað frá sér til þess að losna, en ekki af ásetningi slegið nokkurn mann. Hið rétta hafi verið, að gerður hafi verið aðsúgur að sér og hann aðeins reynt að verja sig. Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna um það, sem gerðist á Lækjartorgi umrætt sinn.

Ákærði kannast við að hafa gerst sekur um líkamsárás á Hall og valdið honum þeim áverkum, sem lýst er í ákæru, að Hallur hafi hlotið af völdum hans, en ákærði er ekki sammála vitnum um upphaf átakanna.

— — —

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitna og læknisvottorð, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er rétt fært til refsíákvæðis.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá 1981 til 1990 nýu sinnum gengist undir að greiða sektir fyrir ýmis brot, aðallega á áfengis- og umferðarlögum. Þá hefur hann hlotið tvo sektardóma, hinn fyrri árið 1980 fyrir brot á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og hinn síðari árið 1985 fyrir brot á umferðarlögum, en þá sætti ákærði jafnframt sviptingu ökuréttar í sex mánuði. Auk þess gekkst ákærði 10. mars sl. með sátt undir að greiða 35.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður vegna síðast greindrar sáttar höfð hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður einnig höfð hliðsjón af því, að árás ákærða var tilefnislaus og hrottafengin með alvarlegum langvinnum líkamlegum afleiðingum. Réttlætir árásin það ekki, þótt ákærði kunni að hafa sætt ertingum af hálfu félaga Halls á vettvangi, en ekkert er komið fram í málinu um, að Hallur hafi átt þar sjálfur hlut að máli. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði, en þar sem fimm-tán ár eru liðin, síðan ákærði hlaut dóm fyrir líkamsárás, og að hann hefur ekki hlotið aðra dóma fyrir hegningarlagabrot og greitt bætur, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og niður skuli sá hluti hennar falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Við meðferð málsins hefur verið fallið frá bótakröfunni, enda ákærði greitt Halli Helgasyni bætur.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 45.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 45.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns.

Þórir Oddsson vararannsóknarlögreglustjóri flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðni Þór Sigurjónsson, sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu 3 mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti hennar falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 45.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 45.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns.
